**104. Ársþing UMSS haldið í Tjarnabæ 27. apríl 2024 kl. 10:00.**

1. Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS, bauð gesti velkomna, flutti ávarp formanns og setti þingið. Tilnefndi Gunnar Sigurðsson, UMF Smáranum, sem þingforseta.
2. Þingforseti tók til máls og skipaði fólk í störf á þinginu.
3. Þingforseti lagði fram tillögur um ritara (Þorvald Gröndal) og fulltrúa í kjörbréfanefnd (Ómar Braga Stefánsson og Dabjörtu Rós Hermunsdóttur).
4. Framkvæmdastjóri UMSS flutti skýrslu stjórnar.
5. Framkvæmdastjóri UMSS, fór yfir ársreikninga ársins 2023.
    a. Tap ársins var tæpar 1,9 milljón kr. Staðan góð enga síður þar sem staða sambandsins er góð.
6. Þingforseti fór yfir lögmæti fundar. Boðað var til fundarins með lögmættum hætti.
7. Formaður kjörbréfanefndar fór yfir kjörbréf og mætingu. Formaður las upp fulltrúa sem búnir voru að boða mætingu og bað þá um að staðfesta mætingu. 59 áttu rétt á þingsetu en 37 fulltrúar voru mættir.
    a. UMFT = 15 (10)
    b. Neisti = 7 (4)
    c. Hjalti = 6 (1)
    d. UMF Smári= 8 (4)
    e. Hestamannafélagið Skagfirðingur = 9 (9)
    f. Golfklúbbur Skagafjarðar = 6 (4)
    g. Bílaklúbbur Skagafjarðar = 3 (2)
    h. Siglingaklúbburinn Drangey = 3 (3)
    i. Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar = 1 (0)
    j. Gróska = 0 (0)
8. Þingforseti bar ársreikninga upp til samþykktar. Samþykktir samhljóða. Enginn á móti.
9. Ávarp gesta.
    a. Viðari Sigurjónsson, starfsmaður ÍSÍ tók til máls og flutti kveðjur frá ÍSÍ. Kom inná þau verkefni sem ÍSÍ stendur fyrir. Sagði sérstaklega frá verkefnunum Fyrirmynda félag og Fyrirmynda hérað, en fleiri og fleiri sveitarfélög líta til viðurkenningar um Fyrirmynda héraðs við úthlutun fjármagns til íþróttastarfs. Tvö félög báru stimpilinn Fyrirmynda félag, körfuknattleiks- og knattspyrnudeild UMFT, en sú viðurkenning er fallin úr gildi og þarfnast endurnýjunnar. Víðar veitti eftirfarandi Gullmerki ÍSÍ:
        i. Gunnar Þór Gestsson
    b. Málfríður Sigurhansdóttir stjórnarmaður UMFÍ tók til máls. Flutti kveðjur stjórnar og starfsfólks UMFÍ. Þakkaði UMSS fyrir mótahald síðasta árs og

hvernig til tókst. Sagði frá vinnunni við að koma nýjum Svæðisskrifstofum á fót og lagði áherslu á að þetta muni létta undir íþróttahéruðum, t.a.m. ýmiss verkefni sem íþróttahreyfingunni er ætlað að sinna en hafa ekki haft bolmagn til að sinna sem skildi. ÍBV er eina íþróttabandalagið sem á eftir að sækja um aðild að UMFÍ. Sagði frá verkefnum, mótum og sjóðum UMFÍ. Málfríður veitti eftirfarandi aðilum starfsmerki UMFÍ:

i. Stefán Guðmundsson
ii. Una Aldís Sigurðardóttir
iii. Þorvaldur Gröndal

Málfríður veitti eftirfarandi aðilum gullmerki UMFÍ:

iv. Karl Lúðvíksson

**10.** Þingforseti fór yfir þingtillögur og lagði til að hvert tillögurnar yrðu teknar fyrir.
   a. Róbert Óttarsson alsherjar- og laganefnd
   b. Magnús Helgason fjárhagsnefnd

**11.** Nefndir tóku til starfa

**12.** Matarhlé

**13.** Formaður alsherjarnefndar tók til máls og fór yfir tillögur nefndarinnar.
   a. Þingskjal 1 lagt fram án efnislegra athugasemda. Tillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.
   b. Þingskjal 2 lagt fram án efnislegra athugasemda. Tillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

**14.** Formaður fjárhagsnefndar tók til máls og fór yfir tillögur nefndarinnar.
   a. Þingskjal 3, félagsgjöld UMSS, lagt fram án efnislegra athugasemda. Tillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.
   b. Þingskjal 4, breyting á orðalagi Lottóreglugerðar, lagt fram án efnislegra athugasemda. Tillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.
   c. Þingskjal 5, breyting á orðalagi Lottóreglugerðar, lagt fram án efnislegra athugasemda. Tillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.
   d. Þingskjal 6, fjárhagsáætlun 2024, lagt fram með nokkrum efnislegum breytingum. Gera tillögu að hækkun v. Lóttótekna, hækkun á framlagi í afþreksmannasjóð, hækkun á kostnaði v. skrifstofu UMSS og annar kostnaður hækki. Fjárhagsáætlun ársins 2024 lögð fram til samþykktar með 30.000 kr. afgangi. Samþykkt samhljóða.

**15.** Kosningar.
   a. Formaður: Gunnar Þór Gestsson til eins árs.
   b. Stjórn UMSS: Aldís Hilmarsdóttir til tveggja ára, kemur í stað Jóels Árnasonar.

c. Varastjórn UMSS til eins árs: Jóel Árnason, Indriði Grétarsson og Elvar Einarsson.

d. Skoðunarmenn reikninga: Jóhann Sigmarsson og Frímann Guðbrandsson.

**16.** Önnur mál:

a. Ómar Bragi Stefánsson tók til máls og færði fundarmönnum þakkir fyrir þeirra vinnuframlag og þeirra félags, við Unglingalandsmótið á liðnu ári.

b. Viðar Sigurjónsson tók til máls og þakkaði fyrir sig og boð á þing. Ræddi mikilvægi þess að hafa gaman af starfinu innan hreyfingarinnar. Hvatti félög innan UMSS að skoða umsóknarferlið v. Fyrirmyndafélags og hvaða skilyrði þarf að uppfylla.

**17.** Formaður UMSS þakkaði starfsmönnum og fundarmönnum þingsins fyrir þeirra störf og sleit þingi kl. 12:55.

1102713369